

## Fundargerð stjórnarfundar

**Staður:** Brekkubær við Hafravatn  
**Tími:** 15. janúar 2009, kl. 20 – 23.20  
**Viðstaddir:**

**Hannes Siggason (HS)** formaður  
**Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)**  
**Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)**  
**Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)**  
**Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)**  
**Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);**  
**Forföll boðaði: Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)**

**Gestur fundarins: Magnús Jóhannesson (MJ), Króki**

---

## Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (umsj: ritari/EK).
- 2) Aðgerðaáætlun fyrir einstök verkefni sem falla undir áherslumál í starfi stjórnar starfsárið 2008-2009 sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundi.
- 3) Fjárhagsáætlun félagsins (umsj. KK)
- 4) Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE)
- 5) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj. HE)
- 6) Heimasíða félagsins (umsj. ERS)
- 7) Félagatalið – uppfærsla (umsj. EK)  
\*\*\*\*\*Kaffihlé\*\*\*\*\*
- 8) Nýir leigusamningar. Fréttir af starfi vinnuhóps (umsj. MJ, GSÓ, HS)
- 9) Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í janúar 2009 (umsj. EK, SMK)
- 10) Önnur mál (Allir)

### 1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

EK las fundargerðina sem var undirrituð af viðstöddum. Fundargerðir fari á Netið eftir að þær eru samþykktar. Ritari sendi stjórnarmönnum uppkast að fundargerð síðasta fundar áður en næsti fundur er haldinn. Spurning hve ítarlegar fundargerðir sem fara á Netið eiga að vera. Útdráttur á Netið.

### 2 Aðgerðaáætlun fyrir einstök verkefni sem falla undir áherslumál í starfi stjórnar starfsárið 2008-2009 sem samþykkt var á síðasta stjórnarfundi.

Formaður kallaði eftir ítarlegri umræðum um aðgerðaáætlunina. Umræðurnar urðu í stuttu máli þessar:

- a) Nýir leigusamningar við SR (HS, GSÓ, MJ): Stjórnin komi sér saman um orðalag nýs leigusamnings sem verði komið í yfirlestur hjá lögfræðingi.
- b) Viðhald varnargarða/tjón af völdum vatnsfalla (HE): Fjárskortur er hjá Vegagerðinni að sögn Bjarna Jóns Finnssonar; verður fylgst með ánum m.t.t. þjóðvegur 1. Lagt verði til við SR að slóðar verði gerðir bílfærir eftir hvert flóð með sem minnstum tilkostnaði meðan óvissa er um varnargarðana og styrkingu þeirra. KK var falið að gera greinargerð með ljósmyndum sem sýndu ástand vega og girðinga.

Tilgangurinn með þessu er að upplýsa SR (bæði stjórn og framkvæmdastjóra) um það hversu slæmt ástandið er.

c) Sorpgámar á Fellsmörk (KK): Sveinn Pálsson sveitarstjóri hefur tekið vel í að útvega stærri og fleiri sorpgáma. KK talar við hann aftur um málið. Rafmagnsmál eru í skoðun og er GSÓ í sambandi við Hjörleif Ólafsson um þau mál.

d) Stefnumótun Félagsins (HS, GSÓ): Ekki komist til að sinna þessum málum enn. Um er að ræða langtímaverkefni, framtíðarmál félagsins og Fellsmerkur.

e) Uppfærsla félagatals (EK, ERS): Gengur seint. KK hefur til skoðunar að bera saman lista gjaldkera og lista frá síðasta aðalfundi sem HS hefur afhent. Útbúa þarf síðan nýjan grunn fyrir límmiða til póstsendinga.

f) Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk (HS): Virkja ber fleiri til að starfa í verkefninu, skipulagningu og plöntuflutningum. Nokkrir hafa boðið sig fram. Sækja þarf um plöntur til SÍ á útmánuðum.

g) Fræðslumál félagsmanna (SMK): Fræðslufundunum verði haldið áfram. Önnur mál en ræktun verði tekin fyrir, t.d. útivist og náttúrufar.

h) Upplýsingar til félagsmanna (ERS): Ekki rætt vegna fjarveru ERS.

### **3 Fjárhagsáætlun félagsins.**

Staðan um áramót: 4900 kr. á veltureikningi, 199326 kr. á kjörbók.

### **4 Fréttir af stjórnarstörfum SR.**

Síðasti fundur var jólafundur/veitingar. Næsti fundur þar á undan, jólatrjásalá og uppákomur að Elliðavatni.

### **5 Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda.**

Sjá b-lið 2 hér að framan.

### **6. Heimasíða félagsins.**

Ekki rætt vegna fjarveru ERS.

### **7. Félagatalið – uppfærsla.**

Sjá e-lið 2 hér að framan.

### **8. Nýir leigusamningar. Fréttir af starfi vinnuhóps.**

Vinnuhópurinn hélt fund 8. janúar 2009. Farið var yfir tvær tillögur að mögulegum nýjum leigusamningum. MJ hafði athugað með þinglýsingarkostnað og stimpilgjöld vegna samninganna. Umræður urðu um tillögurnar. Stjórnin samþykkti tillöguna sem auðkennd var „8. jan. 2009“.

### **9. Hugmynd að fræðslufundi/myndkvöldi í febrúar 2009**

EK hefur haft samband við Helga Áss Grétarsson, lögfræðing og sérfræðing hjá Lagastofnun HÍ, sem kom að samningu laganna um frístundabyggð og frístundahús, með beiðni um að hann komi á fræðslufund félagsins í febrúar til að kynna okkur lögin og svara spurningum. Hefur Helgi Áss fallist á það og verður fundurinn haldinn þri. 24. febrúar 2009.

### **10. Önnur mál.** Engin mál komu fram undir þessum lið.

---

Fundi slitið um kl. 23.20.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

---

***Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir:***